

28. Stjórnarfundur Bergrisans

19. mars 2021

Fjarfundur hófst klukkan 13:30 á Microsoft Teams

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mætti Heiða Ösp Kristjánsdóttir frá velferðarsviði Árborgar. Ragnheiður Hergeirsdóttir frá velferðarsviði Árnespings og Svava Davíðsdóttir frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu boðuðu forföll. Gestur fundarins var Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögmaður. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Drög að samningi við Skaftholt

Steinunn Erla lögmaður fer yfir fyrirliggjandi drög að samningi við Skaftholt. Stjórnarformaður Bergrisans, verkefnisstjóri Bergrisans og lögmaður áttu fund með forsvarsmönnum Skaftholts 25. febrúar sl. þar sem farið var yfir athugasemdir þeirra síðarnefndu við samninginn. Stjórn samþykkir fyrirliggjandi samningsdrög í samræmi við umræður fundarins og felur lögmanni og verkefnisstjóra í framhaldi að leggja samninginn fyrir forsvarsmenn Skaftholts.

Fundi slitið kl. 14:15